

## Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 53/2011

2012/EES/67/07

frá 21. janúar 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 606/2009 um tilteknar, ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 479/2008 að því er varðar flokka vinnræktarafurða, vinnfræðilegar vinnsluaðferðir og takmarkanir þar að lútandi (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS  
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EB) nr. 1234/2007 frá 22. október 2007 um sameiginlegt markaðskerfi í landbúnaði og um sértæk ákvæði varðandi tilteknar landbúnaðarvörur (reglugerðin um eitt sameiginlegt markaðskerfi) <sup>(1)</sup>, einkum þriðju og fjórðu málsgrein 121. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Samkvæmt 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 606/2009 <sup>(2)</sup> er mælt fyrir um leyfilegar, vinnfræðilegar vinnsluaðferðir í I. viðauka við þá reglugerð. Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt nýjar vinnfræðilegar vinnsluaðferðir. Til að uppfylla alþjóðlega staðla á þessu sviði og til að gera framleiðendum innan Evrópusambandsins kleift að nýta sér nýju möguleikana sem standa framleiðendum í þriðju löndum til boða, skulu þessar nýju vinnfræðilegu vinnsluaðferðir heimilaðar í Evrópusambandinu með þeim notkunarskilyrðum sem Alþjóðavinstofnunin mælir fyrir um.
- 2) Með reglugerð (EB) nr. 606/2009 er heimilað að nota pektólítísk ensím og ensímblöndur með betaglúkanasa til fellingar. Þessi ensím og aðrar ensímblöndur eru einnig notaðar við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum sem eru til staðar í mustinu og víninu. Alþjóðavinstofnunin hefur samþykkt þessar vinnfræðilegu vinnsluaðferðir og þær skulu heimilaðar samkvæmt notkunarskilyrðunum sem Alþjóðavinstofnunin skilgreinir.
- 3) Vín sem mega bera vernduðu upprunatáknarnir „Malta“ og „Gozo“ eru með sykurinnihald sem nemur

meira en 45 g/l og eru framleidd í litlu magni. Tiltekin frönsk hvítvín með verndaða, landfræðilega merkingu geta einnig verið með heildaralkóhólstyrkleika sem er yfir 15% miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er meira en 45 g/l. Í því skyni að tryggja geymsluþol þessara vína fóru viðkomandi aðildarríki, þ.e. Malta annars vegar og Frakkland hins vegar, fram á undanþágu frá hámarksinnihaldi brennisteinsdíoxíðs sem gefið er upp í I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009. Þessi vín skulu tilgreind í skránni yfir vín með hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 300 milligrömmum á hvern lítra.

- 4) Vín sem mega bera hefðbundna heitið „Késői szüretelésű bor“ eru með afar mikið sykurinnihald og eru framleidd í litlu magni. Í því skyni að tryggja geymsluþol þessara vína fór Ungverjaland fram á undanþágu frá hámarksinnihaldi brennisteinsdíoxíðs. Leyfa skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 350 milligrömmum á lítra í þessum vínunum.
- 5) Vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Douro“ og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“ innihalda meira brennisteinsdíoxíð en sem nemur leyfilega hámarksinnihaldinu. Vín sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Duriense“ eru með sömu eiginleika og þessi vín. Portúgal fór fram á undanþágu frá hámarksinnihaldi brennisteinsdíoxíðs á þessum grundvelli. Leyfa skal hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs sem nemur 400 milligrömmum í þessum vínunum.
- 6) Til að gera heiti vinnviðaryrkja skýrari skal gefa heiti yrkjanna á þeim tungumálum sem töluð eru í löndunum þar sem yrkin eru notuð.
- 7) Tiltekin ákvæði varðandi tiltekin líkjörvín eru frábrugðin kröfunum sem mælt er fyrir um í nákvæmu skilgreiningunum fyrir þessi vín. Þessum ákvæðum skal breyta í samræmi við kröfurnar sem um er að ræða.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 19, 22.1.2011, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 (um afnám tækni-legra hindrana í viðskiptum með vín) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 63, 8.11.2012, bls. 31.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 299, 16.11.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 193, 24.7.2009, bls. 1.

- 8) Breyta ber reglugerð (EB) nr. 606/2009 til samræmis við það.
- 9) Vínframleiðsla úr þrúgum sem tíndar voru á vínræktarárinu 2010 er þegar hafin. Til að raska ekki samkeppni milli vínframleiðenda skal heimila þeim öllum að beita nýju vínfræðilegu vinnsluaðferðunum frá upphafi vínræktarársins 2010. Þessi reglugerð skal gilda afturvirkir frá 1. ágúst 2010, sem er upphaf vínræktarársins 2010.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stjórnáskýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 3. mgr. 195. gr. reglugerðar (EB) nr. 1234/2007.
- a) Ákvæðum I. viðauka A er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa reglugerð.
- b) Ákvæðum I. viðauka B er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.
- c) Ákvæðum II. viðauka er breytt í samræmi við III. viðauka við þessa reglugerð.
- d) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við IV. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. janúar 2011.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

*Forseti*

José Manuel Barroso

## I. VIÐAUKI

Ákvæðum I. viðauka A við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1) Tölflunni er breytt sem hér segir:

a) Í stað 10. línu komi eftirfarandi:

„10	felling með einu eða fleirum af eftirfarandi efnum til vínfræðilegrar notkunar: <ul style="list-style-type: none"> <li>– ætu gelatíni,</li> <li>– plöntupróteini úr hveiti eða ertum,</li> <li>– fiskilími,</li> <li>– kaseini og kalíumkaseinati,</li> <li>– eggjaalbúmíni,</li> <li>– bentóníti,</li> <li>– kísildíoxíði í gelformi eða sem kvoðulausn,</li> <li>– kaólíni,</li> <li>– tanníni,</li> <li>– kítósani sem er unnið úr sveppum,</li> <li>– kítínglúkani sem er unnið úr sveppum</li> </ul>	Notkun á kítósani við meðhöndlun á vínnum takmarkast við 100 g/hl.  Notkun á kítínglúkani við meðhöndlun á vínnum takmarkast við 100 g/hl.“
-----	---	---

b) Eftirfarandi færslur bætist við:

„44	Meðhöndlun með kítósani sem er unnið úr sveppum	Samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 13. viðbæti	
45	Meðhöndlun með kítínglúkani sem er unnið úr sveppum	Samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 13. viðbæti	
46	Sýring með rafhimnumeðhöndlun	Skilyrði og takmarkanir sem mælt er fyrir um í C- og D-lið XV. viðauka a við reglugerð (EB) nr. 1234/2007 og 11. og 13. gr. þessarar reglugerðar samkvæmt skilyrðunum sem er að finna í 14. viðbæti.	
47	Notkun ensímblöndna í vínframleiðslu við lögn í bleyti, fellingu, stöðgun, síun og til að leiða í ljós arómatíska forvera úr þrúgum sem eru til staðar í mustinu og víninu	Ensímblöndur og ensímvirgni þeirra (þ.e. pektínlyasi, pektínmetýlesterasi, pólygalaktúrónasi, hemisellulasi, sellulasi, betaglúkanasi og glýkósíðasi) skulu, án þess að það hafi áhrif á ákvæði 2. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, vera í samræmi við samsvarandi nákvæmar skilgreiningar varðandi hreinleika og auðkenni í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.“	

2) 1. viðbætur falli brott.

3) Eftirfarandi 13. og 14. viðbætur bætist við:

## „13. viðbætur

**Kröfur varðandi meðhöndlun á vínnum með kítósani, sem er unnið úr sveppum, og með kítínglúkani, sem er unnið úr sveppum**

Notkunarvið:

a) til að minnka þungmálmáinnihald, einkum járn, blý, kadmíum og kopar,

- b) til að koma í veg fyrir járnríkt grugg og koparríkt grugg,
- c) til að minnka möguleg aðskotaefni, einkum okratoxín A,
- d) til að fækka í stofni óæskilegra örvera, einkum *Brettanomyces*, eingöngu með meðhöndlun með kítósani.

Kröfur:

- Skammtastærðir sem nota á eru ákvarðaðar eftir flokkunarprófun (*e. qualification test*). Hámarksskammtur sem er notaður má ekki vera umfram:
  - 100 g/hl þegar notkunin er eins og segir í a- og b-lið,
  - 500 g/hl þegar notkunin er eins og segir í c-lið,
  - 10 g/hl þegar notkunin er eins og segir í d-lið,
- botnfall er fjarlægt með eðlissrænum aðferðum.

---

#### 14. viðbætur

##### **Kröfur varðandi sýringu með rafhimnumeðhöndlun**

- Plúsjónahimnurnar skulu þannig gerðar að þær geti aðeins dregið út plúsjónir, einkum plúsjón K<sup>+</sup>.
  - Tvískauta himnurnar skulu vera ógagndræpar mínusjónum og plúsjónum úr musti og víni.
  - Vínfræðingur eða sérhæfður tækniamaður skal hafa umsjón með meðhöndluninni.
  - Himnurnar, sem eru notaðar, skulu vera í samræmi við kröfur reglugerðar (EB) nr. 1935/2004 og tilskipunar 2002/72/EB og landsbundin ákvæði sem samþykkt eru til framkvæmdar tilskipunarinnar. Himnurnar skulu einnig vera í samræmi við kröfur greinargerðarinnar um rafskiljunarhimnur í Alþjóðlegu, vínfræðilegu skránni sem Alþjóðavinstofnunin gefur út.“
-

---

*II. VIÐAUKI*

Ákvæðum 2. liðar A-hluta I. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum c-liðar er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi undirliðir bætist við í 13. undirlið:

„— Vin de pays de l’Agenais,

— Vin de pays des terroirs landais,

— Vin de pays des Landes,

— Vin de pays d’Allobrogie,

— Vin de pays du Var;“

b) Eftirfarandi undirliður bætist við:

„— vínur, sem eru upprunnin á Möltu, með heildaralkóhólstyrkleika sem er a.m.k. 13,5% miðað við rúmmál og sykurinnihald sem er a.m.k. 45 g/l og mega bera vernduðu upprunatákninarnar „Malta“ og „Gozo“,“

2) Eftirfarandi undirliður bætist við d-lið:

„— vínur sem mega bera hefðbundna heitið „Késői szüretelésű bor“,“

3) Í stað níunda undirliðar í e-lið komi eftirfarandi:

„— hvítvínur sem mega bera vernduðu upprunatáknunina „Douro“ eða vernduðu, landfræðilegu merkinguna „Duriense“ og þar á eftir yfirlýsinguna „colheita tardia“,“

---

*III. VIÐAUKI*

Í 1. viðbæti við II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 bætist heiti eftirfarandi vinvíðaryrkja við í skrána í rétttri stafrófsröð:

„Albariño“, „Macabeo B“, „Allar Malvasía-tegundir“ og „Allar Moscatel-tegundir“.

---

## IV. VIÐAUKI

Ákvæðum III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 606/2009 er breytt sem hér segir:

a) Í stað annars undirliðar a-liðar í 4. lið A-hluta komi eftirfarandi:

„— Þrúgumustsþykkni, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða musti, sem fengið er úr léttþurrkuðum þrúgum sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun, fyrir spænsk vín sem er lýst með hefðbundna heitinu „vino generoso de licor“ og að því tilskildu að aukning á heildaralkóhólstyrkleika viðkomandi vins sé ekki meiri en 8% miðað við rúmmál.“

b) Ákvæðum B-hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað annarrar málsgreinar í 3. lið komi eftirfarandi:

„Að því er varðar líkjörvín með vernduðu upprunataknanirnar „Málaga“ og „Jerez-Xérès-Sherry“ má mustið úr léttþurrkuðum þrúgum, sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun og sem er framleitt úr vínviðaryrkinu Pedro Ximénez, þó koma frá héraðinu Montilla-Moriles.“

ii. Í stað fyrsta undirliðar í 10. lið komi eftirfarandi:

„— sem fengið er úr „vino generoso“, eins og um getur í 8. lið, eða úr víni, framleiddu undir gerskán, sem getur framleitt slíkt „vino generoso“, sem í hefur verið bætt musti úr léttþurrkuðum vínþrúgum sem í hefur verið bætt hreinum vínanda úr víni til að koma í veg fyrir gerjun, hreinsuðu þrúgumustsþykkni eða „vino dulce natural“.“

c) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 1. viðbæti:

i. Í A-hluta bætist eftirfarandi línur inn í skrána fyrir Spán, í rétttri stafrófsröð:

„Condado de Huelva	Pedro Ximénez Moscatel Mistela
Empordà	Mistela Moscatel“

ii. Í 5. lið B-hluta bætist eftirfarandi línur inn í skrána fyrir Spán, í rétttri stafrófsröð:

„Empordà	Garnacha/Garnatxa“
----------	--------------------

d) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. viðbæti:

i. Í lið A 2 skal fjarlægja líkjörvín með vernduðu upprunatakunina „Trentino“ úr skránni fyrir Ítalíu.

ii. Í 3. lið A-hluta bætist við eftirfarandi skrá:

**„ÍTALÍA**

Trentino“,

e) Í 3. viðbæti bætist við heiti eftirfarandi vínviðaryrkja:

„Moscateles — Garnacha“